



FRAMTÍÐARNÝTING ORKUAUÐLINDA Á ÍSLANDI

**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
afmælisráðstefnu
Verkfræðingafélags Íslands
8. mars 2012**

Ágætu ráðstefnugestir

Aldarafmæli Verkfræðingafélags Íslands er kærkomið tilefni til að áréttta árangur Íslendinga, umbýltinguna í lífskjörum þjóðarinnar frá því hún var um aldir meðal hinna fátækustu í álfunni.

Frumherjanna beið mikið verk, að hanna og smíða innviðina sem þróunin til nútímans hvíldi á: vegi, brýr, hafnir, byggingar á helstu sviðum. Aðstæður allar voru ærið ögrandi og skilningurinn á framlagi verkfræðinnar oft af skornum skammti – og lifði lengi í glæðum tortrygginnar; ágætur kennari okkar margra nýtti stundum dönskutíma í Menntaskólanum í Reykjavík til að vara okkur við verkfræðingum!

Svo ung var greinin á æskuárum minnar kynslóðar að margir úr fyrsta kjarna félagsins voru enn á vettvangi og síðar nutum við þeirra forréttinda að fylgjast með verkfræðingum og þeirra liði skila Íslendingum í fremstu röð við nýtingu hreinnar orku, mannvirkjagerð og hinnar fjölbreyttu tækni sem gert hefur daglegt líf, störf og þekkingaröflun að undraveröld sem í árdaga félagsins hefði verið framandi.

Það hefur einnig verið fróðlegt að kynnast því gegnum starf forseta, í viðræðum við áhrifafólk, forystumenn stórra ríkja og smárra, sem heimsótt hafa Ísland og með þátttöku í málþingum víða um veröld hvernig hæfni og árangur íslenskra verkfræðinga hefur orðið undirstaða í farsælli samvinnu við aðrar þjóðir, ein helsta ástæða þess að við njótum nú virðingar víða um veröld, góðs orðspors fyrir hreina orku, þróun tækni

og mannvirkja sem fært hefur Ísland í fremstu röð á helstu mælistikum hins alþjóðlega samanburðar.

Í raun er verkfræðikunnáttan orðin meginstrengur í samskiptum okkar við aðrar þjóðir, mikilvægur þáttur í því sem venja er að kalla utanríkismál en er orðið á 21. öldinni til muna margslugnara en áður var.

Nú er unnið að verkefnum í Kína, á Indlandi og víðar í Asíu, í Afríku, Mið-Austurlöndum, Evrópu, Latnesku-Ameríku, Bandaríkjunum og í fleiri löndum og öll hvíla þau að verulegu leyti á kunnáttu, reynslu, hæfni, þekkingu, rannsóknum og orðspori íslenskra verkfræðinga. Tækifærin í þessari nýju vegferð eru mörg og hún verður vonandi löng og farsæl; umsvifamikill þáttur í þekkingarútflytningi þjóðarinnar.

Það hafa margir erlendir forystumenn spurt hvað valdi því að fámenn þjóð geti komið svo víða að verki, búi að verkkunnáttu sem aðrir vilja nýta í ríkum mæli.

Svarið er að sjálfsögðu margþætt og þar koma menntun og rannsóknir víða við sögu sem og æ fjölþættari verkfræðikennsla við háskólana hér heima en líka sú sterka hefð að halda til frekara náms í öðrum löndum; færa svo til landsins margt af því besta sem aðrir bjóða.

En samt hvílir þessi árangur, tækifærin sem við eigum á komandi árum í útflytningi á þekkingu, verkkunnáttu og reynslu, fyrst og fremst á framkvæmdum sem veitt hafa dýrmæta reynslu, á vegferðinni frá Búrfellsvirkjun sem að mestu var hönnuð undir stjórn útlendinga til þeirra virkjana sem íslensk verkfræðifyrirtæki hafa á síðari tímum þjónað svo vel, virkjana sem eru nú á hverju ári áfangastaðir tugþúsunda erlendra ferðamanna og efstar á óskalista þjóðarleiddtoga sem hingað koma.

Framtíðarnýting auðlindanna í iðrum jarðar auk fallvatna, vinds og sjávarstrauma mun því móta vaxtarstyrk hinnar nýju útflytningsgreinar, verkfræðikunnáttunnar, og ráða miklu um þær gjaldeyrstekjur sem þjóðin fær af þekkingunni, auk arðsins af sölu sjálfrar orkunnar.

Í orðræðunni um verndun náttúrunnar og virkjanakosti, í leitinni að málamiðlun sem getur orðið efniviður í varanlega þjóðarsátt, þarf sýnin á arðsemi þekkingarinnar, ávinningana af verkfræðikunnáttu sem orðin er burðarás í samstarfi við aðrar þjóðir nær og fjær, að verða sjálfstæður þáttur í hinu mikilvæga mati á þjóðarhag.

Líkt og ungt listafólk nær hylli í öðrum löndum vegna hins frjóa menningarlífs hér heima, grósku sem veitir skapandi aðhald – Björk, Sigur Rós, Vesturportið og ýmsir fleiri sönnun þess – þurfa nýjar kynslóðir íslenskra verkfræðinga að glíma við ögrandi verkefni á heimavelli til að öðlast hæfni í erfiðum þrautum, þjálfast við leit að nýjum

lausnum. Þá munum við halda því forskoti sem Íslendingar hafa nú á hinum alþjóðlega markaði.

Tækifærin er víða að finna og Kína og Grænland eru góð sýnishorn. Annað er fjölmennasta ríki heims, nýtt forystuafl í veraldarviðskiptum og leitar eftir samstarfi við Íslendinga varðandi hitaveitur og orkuver. Hitt er okkar næsti nágranni, að flatarmáli eins og hálf Evrópa, auðugt að málum og orkulindum, nýtingin á frumstigi og telja heimamenn að hún verði farsælli ef Íslendingar eru með í för.

Á ráðstefnunni hér í dag verður ítarlega fjallað um vogarskálar umhverfisverndar og nýtingar en áriðandi er að þekkingarauðlindin verði líka þáttur í matinu.

Hún er ávöxtur af aldarlangri sögu íslenskra verkfræðinga, arfleifðinni sem hin fjölmenna sveit hefur skilað og getur á komandi árum orðið burðarás í farsæld Íslendinga og traustum sessi í veröldinni.

En sú auðlind er ólík orkunni að því leyti að sé hún ekki endurnýjuð með nýjum áskorunum mun hún þverra smátt og smátt.

Vonandi veitir hin nýja öld íslenskum verkfræðingum ærin tækifæri til að efla þessa verðmætu þekkingarauðlind, okkar eigin þjóð en líka fjölmörgum öðrum til blessunar.